

EIGENDAFUNDUR ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2015, fimmtudaginn 26. nóvember kl. 13:40 var haldinn eigendafundur Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Bæjarhálsi 1.

Fundurinn var boðaður með bréfi dags. 6. nóvember 2015.

Þessi sátu fundinn: Dagur B. Eggertsson borgarstjóri, Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri og Kolfinna Jóhannesdóttir, sveitarstjóri. Einnig sátu fundinn Haraldur Flosi Tryggvason stjórnarformaður, Bjarni Bjarnason forstjóri, Pétur Krogh Ólafsson aðstoðarmaður borgarstjóra, Ingvar Stefánsson, framkvæmdastjóri fjármála OR, Guðrún Erla Jónsdóttir, sérfræðingur á skrifstofu forstjóra OR og Elín Smáradóttir lögfræðingur.

Fundarritari var Eiríkur Hjálmarsson.

Petta gerðist:

Formaður stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur setti fund. Fundarstjóri var kjörinn Elín Smáradóttir. Fundarstjóri fór yfir boðun fundarins. Engar athugasemdir voru gerðar við boðun. Að því loknu úrskurðaði fundarstjóri fundinn löglegan.

1. Samþykkt fjárhagsáætlun 2016 og langtímaáætlun 2017-2021 lagðar fram til kynningar. Áætlanir hafa verið endurskoðaðar vegna breytingar á forsendum fjárhagsáætlunargerðar frá Reykjavíkurborg.
Ingvar Stefánsson kynnti áætlanirnar. Umræður.
2. Lögð fram svohljóðandi tillaga stjórnar OR að arðgreiðsluskilyrðum. Tillöggunni fylgir greinargerð:

Eigendur Orkuveitu Reykjavíkur (OR) samþykkja breytingu á fjárhagslegum skilyrðum til arðgreiðslna eftir árið 2016. Jafnframt getur greiddur arður orðið að hámarki 50% af hagnaði hvers árs samkvæmt ársreikningum.

Ingvar Stefánsson kynnti tillöguna. Umræður.

Allir fulltrúuar eigenda samþykkja tillöguna.

Samþykkt Akraneskaupstaðar og Borgarbyggðar er með fyrirvara um staðfestingu viðkomandi sveitarstjórna.

3. Endurskoðuð áhættustefna Orkuveitu Reykjavíkur ásamt greinargerð lögð fram.
Ingvar Stefánsson kynnti tillöguna. Umræður.
Afgreiðslu frestað til aðalfundar 2016.
4. Lögð fram skýrsla stjórnar OR um framfylgd eigendastefnu.
Formaður stjórnar fylgdi skýrslunni úr hlaði og markmiðunum með henni. Guðrún Erla Jónsdóttir kynnti efni hennar. Umræður.

5. Önnur mál.
 - Borgarstjóri lagði fram svohljóðandi sameiginlega bókun eigenda.

Eigendafundur Orkuveitu Reykjavíkur lýsir ánægju með góðan árangur í rekstri fyrirtækisins og þakkar starfsfólki, stjórnendum og stjórn fyrirtækisins þeirra þátt í honum og farsæla þjónustu við hina fjölmörgu viðskiptivini Veitna, Orku náttúrunnar og Gagnaveitu Reykjavíkur.

Planið, aðgerðaáætlun OR og eigenda frá 2011, hefur skapað rekstri OR og dótturfélaga traustan grunn. Nú, þegar rúmt ár er eftir af gildistíma þess, fela


REYKJAVÍKUR
ORKUVEITI

eigendur stjórn fyrirtækisins að móta áætlun, til næstu fimm á grundvelli sömu ábyrgu sjónarmiða og lágu til grundvallar Planinu og eigendastefnu fyrirtækisins.


Eigendur fagna einnig tillögu stjórnar OR að fjárhagslegum skilyrðum fyrir arðgreiðslum fyrirtækisins, og því að þannig liggi fyrir ábyrg fjárhagsleg viðmið og skilyrði um arðgreiðslur sem að sama skapi skilgreina fjárhagsleg markmið fyrir rekstur fyrirtækisins sem stjórn er falið að hafa forystu um að innleiða þannig að alla jafna sé greiddur arður til eigenda í samræmi við samþykkta eigendastefnu þar sem segir í grein 6.1 um fjárhagsleg markmið: „[A]rður er að jafnaði greiddur út til eigenda að fjárhagslegum skilyrðum uppfylltum, m.a. að fjárhagslegur styrkleiki fyrirtækisins sé nægur og nægt laust fé sé til staðar til reksturs og fjárfestinga félagsins.“

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 14:45.



Dagur B. Eggertsson



Kolfinna Jóhannesdóttir



Regína Ásvaldsdóttir